



Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 10. júlí 2025

USK24090203

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 10.7.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Borgarlína 1. lota - Nauthólsvegur - Deiliskipulag - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. júní 2025 á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á nyrðri hluta Nauthólsvegar vegna 1. lotu Borgarlínu, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Auðun Helgason og Brynjar Þór Jónasson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins taka undir áhyggjur Háskólans í Reykjavík, ISAVIA og annarra hagaðila varðandi legu Borgarlínu á svæðinu, til dæmis þrengsli sem legan skapar við byggingarreiti á Nauthólsvegi 83-89. Mikilvægt er að lausnir verði verðir fundnar í sátt við hagaðila og unnið verði hratt til að greiða úr þeim umferðarvanda sem er við Háskólann í Reykjavík.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík